

Efnisyfirlit

0.1	Inngangur	1
0.2	Skilgreiningar á þjófræði	1
0.3	Bankarán og mafiustarfsemi	2
0.4	Þjófræði í alþjóðlegu samhengi	4
0.5	Íslenskt þjófræði	5
0.6	Uppgangur þjófræðis	5
0.7	Þjófræði og þjóðskipulag	8
0.8	Vald og yferráð	8
	0.8.1 Vald	8
	0.8.2 Yferráð	9
0.9	Að lokum	10

Þjófræði sem þjóðskipulag - Að kjósa þjófa til
ábyrgðarstarfa

Kári skrifar

20. júlí 2023

Útdráttur

Lýðræðið er liðið undir lok. Mikilvægar ákvarðanir eru ekki lengur teknar eftir vilja almennings [hvenær gerðist það síðast?] heldur ræður geðþótti stjórnámálanna mestu um ákvarðanatökuna. Stjórnámálamenn lúta flestir boðvaldi braskara og fjárglæframanna sem koma fram vilja sínum á Alþingi og í bæjarstjórnnum. Um þessar mundir reyna sumir fjölmiðlar að draga upp mynd af Samfylkingunni sem næsta sigurvegara í kosningum til Alþingis. Reynt er að sýna fram á að hún njóti trausts kjósenda sem aldrei fyrr. Þetta er dæmi um aðferðir almannatengla til þess að brengla dómgreind kjósenda og afvegaleiða þá. Aðferðinni hefur verið beitt áður og mistekist hrapalega. Þjófræði hefur algerlega leyst lýðræði af hólmi sem þjóðskipulag. Bankarán eru enn stunduð á Íslandi og það þrátt fyrir alvarlegt efnahagshrun, haustið 2008. Val kjósenda stendur ekki lengur um mismunandi hugmyndafræði og gæslumenn almannahagsmuna heldur fólk sem margt styður þjófræði og bognar undan erlendu valdi. ...

0.1 Inngangur

Lýðræði er heiti á þjóðskipulagi þar sem kjósendum er ætlað að taka mikilvægar ákvarðanir. Lýðræði má skipta í annars vegar beint lýðræði og hins vegar fulltrúalýðræði. Á Íslandi þjónar fulltrúalýðræði fyrst og fremst fjármagnsöflum og valdaklíkum sem undir þau heyra. Aðferðirnar sem valdaklíkur beitir sverja sig mjög í ætt við mafíustarfsemi þar sem tilgangurinn helgar ævinlega meðalið og markmiðum skal náð með góðu eða illu.

Beint lýðræði er því í raun eina lýðræðisfyrirkomulagið sem virkar og getur virkað. Það er þó sagt með þeim fyrirvara að þar sem forhert valdaklíka er fyrirferðarmikil, eins og á Íslandi, er ekki sjálfgefið að nokkuð sé gert með vilja almennings, jafnvel ekki þótt kosið sé beint um mikilvægar ákvarðanir.

Íslenska mafían¹ hefur fyrir löngu síðan hreiðrað vel um sig í íslenska valdakerfinu og hún skeytir ekkert um vilja almennings. Séð í því ljósi skiptir ekki öllu máli hvort lýðræðið er beint eða „óbeint“. Forherðing innan valdaklíkunnar er slík að engu tali tekur. Allt miðast við það að vilji almennings nái ekki fram að ganga, í hverju málinu á eftir öðru. Íslensk þjóðfélag er í höndum mafíuaflanna sem svo lengi hafa stýrt og stjórnað. Stöðuveitingar eru ein birtingarmynd þessa. Enginn getur hlotið stöðu á Íslandi, sem einhverju máli skiptir, ef íslenska mafían leggst gegn því. Mörg dæmi eru um fólk sem hlýtur að tala þvert um hug sinn, einungis í þeim tilgangi að auka möguleika sína á stöðu sem losnar. Sannfæringin er þá snarlega seld og reynist ekki þung á metum. Þeir sem alast upp í mafíuþjóðfélagi læra snemma hvaða leikreglur gilda. Það á við þvert á stjórnmalaflokka.

[Dauði lýðræðis]
Af öðrum kerfum áður bar,
oft í fátækt hjó.
Lýðræðið var líúð skar,
léttist hratt og dó.

0.2 Skilgreiningar á þjófræði

Jafn mikilvægt og það er að þekkja vel helstu einkenni lýðræðis er ekki síður mikilvægt að bera kennsl á helstu einkenni þjófræðis. Þjófræði er yfirfærsla á enska orðinu „kleptocracy“. Grískur uppruni orðsins vísar til þess að stela.

¹Hugtakið mafia er hér notað sem safnheiti yfir ákveðinn hóp fólks sem sópar til sín eignum almennings og hirðir hvorki um lög né rétt.

- Þjófræði vísar til stjórnerkis þar sem stjórnmálaleiðtogar nota völd sín til þess að ná eignum borgaranna
- Leiðtogarnir líta á land og þegna sem peningakýr sem þeir geta notið góðs af. Þjófræði hefur einkenni einræðis, einveldis, auðvalds og fámennisstjórnar
- Það getur haft slæm áhrif á lönd, getur leitt til hruns stjórnerfa og að lokum til falls ríkja í verstu tilfellum
- Í samhengi nútímans hafa þjófræðisríki mikla spillingu og algera stjórn þar sem stjórnmálaleiðtogar eru hafnir yfir lögin [1]

0.3 Bankarín og mafíustarfsemi

Á undanförunum árum hefur ný ógn myndast: **mafuríkið**. Um allan heim hafa glæpamenn komist inn í ríkisstjórnir í áður óþekktum mæli. Hið gagnstæða hefur líka gerst: í stað þess að útrýma öflugum glæpagengjum hafa sumar ríkisstjórnir í staðinn tekið yfir ólöglega starfsemi þeirra. Í mafíuríkjum auðga embættismenn sjálfa sig og fjölskyldur sínar og vini á meðan þeir nýta peninga, afl, pólitísk áhrif og alþjóðleg tengsl glæpasamtaka til að styrkja og auka eigin völd. Raunar eru efstu stöður í sumum af arðbærustu ólöglegum fyrirtækjum heims ekki lengur aðeins skipaðar atvinnuglæpamönnum; í þeim eru nú háttsettir embættismenn, stjórnmálamenn, nýsnarar, yfirmenn lögregludeilda, herforingjar og, í sumum öfgafullum tilfellum, jafnvel þjóðhöfðingjar eða fjölskyldumeðlimir þeirra.[2]

Hugtakið mafia er sveipað neikvæðum blæ í hugum flestra. Það kveikir hugrenningatengsl um allt það versta sem snertir glæpi og blóðugt ofbeldi. Stigveldi einkennir almennt uppbyggingu á mafíum. Skipanir koma að ofan og ganga niður í ákveðinni röð. Annað hugtak, Skipulögð glæpastarfsemi, er oft notað í stað þess að vísa beint til mafíu. Á heimasíðu bandarísku alríkislögreglunnar, FBI, er skilgreining á (fjölpjóðlegri) skipulagðri glæpastarfsemi. Fjölpjóðleg skipulögð glæpastarfsemi vísar til samtaka einstaklinga sem endurnýjast af sjálfu sér og starfa á milli landa í þeim tilgangi að ná völdum, áhrifum, peningalegum og/eða viðskiptalegum ávinningi, að öllu leyti eða að hluta með ólöglegum aðferðum. Fjölpjóðlegir glæpamenn starfa saman og hafa ákveðin einkenni sem geta falið í sér, en takmarkast ekki við eftirfarandi:

- Í að minnsta kosti hluta starfsemi sinnar fremja þeir ofbeldi eða aðrar athafnir sem líklegar eru til þess að hræða, eða hóta ofbeldi, beint eða óbeint;
- Þeir nýta sér mismun milli landa til þess að efla markmið sín, styrkja starfsemi sína, auka völd sín og/eða forðast að þekkjast og forðast handtökur;
- Þeir reyna að ná áhrifum í ríkisstjórnnum, stjórnámálum og viðskiptum með spillingu jafnt sem lögmætum leiðum;
- Þeir hafa efnahagslegan ávinning að meginmarkmiði, ekki einungis af augljóslega ólögmætri starfsemi heldur einnig af fjárfestingu í lögmætum fyrirtækjum; og
- Þeir reyna að halda bæði forystu sinni og aðild frá opinberun, refsiaðgerðum og/eða ákæru í gegnum skipulag sitt.[3]

Undanfarna tvo áratugi hafa bankarín verið áberandi á Íslandi. Ránin eru skipulögð og framin þannig að fyrst er viðkomandi banka rænt með sýndarlagasetningu á Alþingi. Jafnvel er gengið svo langt að afhenda fjármálaráðherra „opinn tékka“ til að ráðstafa bönkum í eigu almennings. Það er auðvitað óverjandi með öllu og í raun furðulegt að slíkt fyrirkomulag skyldi nokkurn tímann komast á. Lágmarkskrafa væri það að Alþingi verði að samþykkja bankarín. En þegar banka hefur verið rænt er hafist handa við að tæma allt innan úr honum. Nýjasta bankarínið var meint „sala“ á hlut í Íslandsbanka.

Opinber „gervistofnun“, bankasýslan, var notuð til að fegra gerninginn í augum almennings. Stofnun þessi stundar trúðslæti, vitleysisgang og fíflangang. Það sást vel t.d. á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um bankamálin, 2. desember 2022. Þegar þingmaður Flokks fólksins, Eyjólfur Ármannsson, krafði stjórnarformanninn um svör, af festu og ákveðni, þá brást stjórnarformaðurinn við með því að krefjast virðingar, hann væri jú gestkomandi! En um virðinguna gildir almennt að hún er ekki fyrirbæri sem menn geta krafid aðra um heldur verða menn, með framgöngu sinni og verkum, að ávinna sér hana. Enginn getur krafid aðra um virðingu. Fólki ber engin skylda til þess að sýna öðrum virðingu, hafi þeir sýnt af sér óvandað atferli og framkomu. Þar að auki var ekkert í framgöngu þingmannsins sem gaf minnstu ástæðu til þess að efast um virðingu hans eða kurteisi.[4]

Bankasýslan gat engin vitræn svör gefið um eitt né neitt sem nefndu bankaráni tengdist. Engu var líkara en að nefndarmenn bankasýslunnar væru undir áhrifum „hugbreytandi efna“ - slíkt var ruglið sem frá þeim kom. Þegar menn verða rökþrota á Íslandi er oft gripið til þess ráðs að saka aðra um skort á virðingu og jafnvel kurteisi. Uppúr stendur að málið allt er hneyksli, frá upphafi til „enda“ þar sem almenningur var rændur einu sinni sem oftast.[5]

0.4 Þjófræði í alþjóðlegu samhengi

Frægt er orðið þegar Ferdinand Marcos, fyrrum forseti Filippseyja, tók ríkissjóð eyjanna traustataki til einkanota. Samkvæmt heimsmetabók Guinness er um að ræða stærsta rán stjórnvalda. Upphæðin er áætluð allt að 10 milljarðar Bandaríkjadollara, í valdatíð Marcos. Á sama tíma jukust erlendar skuldir ríkisins á milli 1970 og 1980 úr 600 milljónum dollara í yfir 6 milljarða dollara, sem er hækkun úr 10 í 20 prósent af landsframleiðslu. Snemma á níunda áratugnum hækkuðu vextir í Bandaríkjunum og verð á útflutningsvörum lækkaði. Árlegar skuldagreiðslur tvöfölduðust á nokkrum árum. Svo greiða mætti skuldirnar og vextina voru fleiri lán tekin, sem hækkuðu úr 900 milljónum dollara seint á áttunda áratugnum í yfir 2 milljarða dollara árið 1983. [5]

Því miður bendir margt til þess að stórfelldir fjármunaglæpir borgi sig. Mál ef þessum toga eru afar erfið í rannsókn, ákærufæri og saksókn. Sá sem hefur stolið gríðarlegu fé hefur að sama skapi ráð á hópi lögmanna sér til varnar. Þar sem þjófræði er ríkjandi þjóðskipulag er fátt undanskilið. Þjófnaðurinn tekur einnig á sig fjölbreytilegustu myndir. Eitt form hans getur t.d. verið stórfelld undirverðlagning á eignum ríkja (eigum almennings) með svo kallaðri „einkavæðingu“. Þegar um stórfelldan verðmun er að ræða, á milli annars vegar raunvirðis og hins vegar kaupverðs, á almannaeigum, er ekki um sölu að ræða heldur þjófnað. Braskarar og fjárglæframenn ræna mismuninum og koma í skjól. Gæslumenn almennings, þingmenn og ráðherrar, bregðast ekki einvörðungu kjósendum sínum heldur beinlínis styðja ránið í orði og verki.

0.5 Íslenskt þjófræði

Annað er vert að hafa í huga. Það lýtur að þróun verðs viðkomandi eigna í náinni framtíð. Ef mál þróast þannig að fyrirséð er að almannaeygn mun hækka í verði, er þá ekki rétt að almenningur njóti þess? En þeir sem styðja þjófræðið telja brýnt að koma slíkum eignum sem fyrst í hendur braskaranna sem síðan hirða mismuninn, þ.e. hækkun verðmætisins. Þannig verður almenningur oft af háum upphæðum. Fyrst er hann rændur eigninni sjálfri og síðan hækkun í framtíðinni. Þetta myndi t.a.m. eiga við í tilfalli orku-fyrirtækja. Baráttan snýst því fyrst og síðast um að halda bröskurum og fjárglæframönnum frá kjötkötlum almennings.

Vaxtaokur og skortur á samkeppni er enn fremur ein mynd þjófræðisins. Í því sambandi verður að nefna afar lofsvert framtak Neytendasamtakanna og Breka Karlssonar, formanns samtakanna. Hann hefur sýnt sig að vera bæði duglegur og fylginn sér. Samtökin hafa m.a. látið málefni skuldara til sín taka sem og framgöngu fjármálafyrirtækja, nú nýlega í tengslum við breytilega vexti á lánum. Milliliðurinn Credit info hefur og komið við sögu en það fyrirtæki má telja svarthol í íslensku fjármálalífi, þar sem persónuvernd er einskis metin.

Á hinn bóginn má líka finna mörg tilvik þess að einstaklingar og fyrirtæki hafi skapað og aukið auð með hugviti og eljusemi. Þar er allt annað uppi á teningnum. Nærtækt dæmi um það er frumkvöðlafyrirtækið Kerecis sem þróað hefur stórmerka afurð til þess að græða sár með þorskroði. Svona starfsemi hlýtur að teljast fyrirmyndar kapitalismi sem fjöldi manna hefur notið góðs af og mun njóta góðs í framtíðinni. Þetta eina dæmi sýnir að þjófræði þarf alls ekki ævinlega að vera forsenda ríkidæmis - öðru nær. Hins vegar hafa mál þróast þannig á Íslandi í of miklum mæli. T.a.m. er margt á huldu um eignir Íbúðalánasjóðs, verðmat á þeim og fleira, sem og í Lindarhvolsmálinu. Í báðum tilvikum er um að ræða almannaeygur og meðhöndlun þeirra. Um Lindarhvolsmálið hefur m.a. verið fjallað í Morgunblaðinu og þar velt upp ýmsum hliðum þess. [6]

0.6 Uppgangur þjófræðis

Árið 2001 kom út afar upplýsandi skýrsla á vegum International Republican Institute og nefnist *THE KLEPTOCRAT'S PLAYBOOK - A Taxonomy of Localized and Transnational Tactics*. Í upphafi skýrslunnar segir m.a.,

í lauslegri þýðingu: Þverþjóðlegt þjófræði kom fram sem alþjóðlegt fyrirbæri um miðjan tíunda áratug [síðustu aldar], þegar umfangsmiklar hreyfingar fjármála-, öryggis- og þróunaraðstoðar yfir landamæri jukust gríðarlega. Samhliða auknu fjármála- og efnahagslegu flæði yfir landamæri hefur þjófræði tekið á sig sífellt alþjóðlegri mynd, þar sem ný tækni eykur alþjóðleg tækifæri til spillingar.

Stefnumörkun þjófræðisins - sameinuð í áætlunum - gerir spilltum yfirstéttum kleift að sækja að og ná opinberum fjármálum, hráefnum, náttúruauðlindum, þróunar- og öryggisaðstoð, vettvangi einkaframtaksins og tryggingaeignum (strategic assets). Með því leitast þjófar við að safna gífurlegum auði í eigin þágu og treysta og festa pólitískt vald í sessi í heimalöndum sínum og stundum í öðrum löndum sem þeir vilja hafa áhrif á.[7]

Margir tengja uppgang fjölþjóðlegrar spillingar og alþjóðlegs þjófræðis við dvínandi nýlendustefnu, eða við lok kalda stríðsins, þegar pólitísk forréttindastétt í þróunarríkjum og síð-kommúnískum ríkjum náði völdum yfir miklum auðlindum í þjóðareign. Á sama tíma varð aðgangur að hnattrænu hagkerfi greiðari.[7] Lönd fyrrum Sovétríkjanna eru þekkt dæmi um þetta en hið sama átti sér þó stað víða í ríkjum Austur-Evrópu.

Það flóknasta er hvernig á að takast á við stóru ríkisfyrirtækin í orkumálum, innviðum, samgöngum, samskiptum og bankastarfsemi, vegna þess að þau hafa verulegt verðgildi. Mörg þessara fyrirtækja þurfa að vera í ríkiseigu vegna þjóðaröryggisástæðna eða vegna þess að þau hafa einokun á landsvísu. Það gildir t.d. um járnbrautateina, raforkunet og ýmis mikilvæg lagnakerfi.[8]

[Þjófræði]

Einhvern tíma endar þolið,
orðin notuð vægt.
Á Íslandi er öllu stolið,
ef að það er hægt.

Þjófræði er þó engan veginn bundið við fyrrum Sovétríkin. Það er alþjóðlegt vandamál og nær til flestra ríkja heims. Ísland er líkt fyrrum Sovétríkjum að því leyti að þjófræði er útbreitt og landlægt. Segja má að öllu sé stolið á Íslandi ef minnsta tækifæri finnst til þess. Oft er beitt milliliðum (t.d. bankasýslunni) og sett á svið leikrit sem ætlað er að sýna „faglegheit“ við ránin. Ákærvald og dómskerfi taka á slíkum málum í öfugu hlutfalli við alvarleika þeirra. Ef kona hefur með sér límbandsrúllu, af bensínstöð, að andvirði 600 íslenskra króna, er málið tekið föstum tókum.

Konan má eiga von á ákæru og dómi vegna gripdeildar, þar sem henni verður gert að greiða 200.000 kr. í sakarkostnað. Ræni menn hins vegar, einir eða í félagi við aðra, tugum og jafnvel hundruðum milljarða eru miklar líkur fyrir því að málið verði ekki rannsakað eða að minnsta kosti felld niður. Í kjölfar bankahrunsins mátti þó sjá ákveðin frávik frá þessu. Það væri athugandi í stórfelldum fjármunabrotum að innleiða þá reglu að fari upphæð í máli, sem ákært er fyrir, yfir ákveðið hámark t.a.m. 500 milljónir íslenskra króna, þá gildi hlutlæg ábyrgð.

Forsvarsmadur, framkvæmdastjóri eða forstjóri, væri samkvæmt því ábyrgur hvort heldur hann átti beina sök á skaða eða ekki. Ekki þyrfti að sanna sök í málinu. Lagt væri til grundvallar að tap og tjón verði ekki af sjálfu sér, heldur vegna rangra ákvarðana og oft ásetnings. Regla sem þessi myndi mjög einfalda saksókn og alla málsmeðferð í hinum stærri sakamálum, þegar upphæðir hlaupa á milljörðum. Hlutlæg ábyrgð [strict liability] merkir að menn bera ábyrgð þótt hvorki sé til staðar ásetningur né gáleysi. Þá leysir það menn ekki undan ábyrgð þótt þeir hafi vissu um eigið sakleysi.[9]

Þó einstaklingar geti borið refsíábyrgð er ekki ekki eins ljóst hvort hið sama á við um fyrirtæki sem slík [corporate criminal liability]. En þegar fyrirtæki ber refsíábyrgð hefur það ekki einungis áhrif á viðskipti fyrirtækisins heldur einnig einstaklingana í fyrirtækinu sem stunda refsivert athæfi, af glæpsamlegum og fjárhagslegum toga.[10]

Alþjóðlega efnahagskreppan hefur verið blessun fyrir fjölbjóðlega glæpamenn. Þökk sé veikburða hagkerfi að fjársterk glæpasamtök geta eignast fjárhagslega veik en hugsanlega verðmæt fyrirtæki á lágu verði. Aðhald í ríkisfjármálum neyðir stjórnvöld alls staðar til þess að skera niður fjárveitingar til löggæslustofnana og dómstóla. Milljónum manna hefur verið sagt upp störfum sem aftur skapar freistingar til þess að brjóta lög.

Fjöldi atvinnulausra sérfræðinga í fjármálum, bókhaldi, upplýsingatækni, lögfræði og vörustjórnun hefur aukið framboð á miklu hæfileikafólki sem glæpasamtökum stendur til boða. Á sama tíma hafa þeir sem sinna góðgerðarmálum um allan heim dregið úr gjöfum sínum, skapað fjárskort í listum, menntun, heilbrigðisþjónustu og á öðrum sviðum, sem glæpamenn eru fúsir til að mæta, í skiptum fyrir pólitískan aðgang, félagslegt lögmæti og stuðning almennings. Alþjóðlegir glæpamenn geta varla beðið um hagstæðara viðskiptaumhverfi. Starfsemi þeirra myndar yfirleitt háa framlegð, í reiðufé, sem þýðir að þeir njóta oft góðrar lausafjárstöðu. Það er öfundsverð staða í alþjóðlegri lánsfjárekreppu [2012].[2]

0.7 Þjófræði og þjóðskipulag

Ísland á ýmislegt sameiginlegt á sviði þjófræðis með ríkjum í Austur- og Mið-Afríku. Þar hefur ríkinu verið rænt og því breytt úr stofnun sem á að veita félagslega þjónustu, og standa vörð um réttarríkið, yfir í rángjarnt glæpa-fyrirtæki sem gerir hið gagnstæða. Stjórnvöld sem hafa hertekið þessi ríki nota vald sitt til þess að ræna ríkiskassanum og náttúruauðlindum, refsilaust, og þagga niður í þeim sem standa í vegi þeirra með öllum nauðsynlegum ráðum. Þar gildir einu hvort það er gert með því að bæla niður innbyrðis andóf eða með stríðsaðferðum sem einkennast af fjöldagrimmdarverkum.

Í þessum löndum hafa leiðtogar gífurlega sterka hvöt til valdasetu um óákveðinn tíma. Hins vegar er hvöt þeirra til að stjórna á áhrifaríkan hátt nánast engin. Tekjustraumarnir sem þeir komast í á meðan þeir eru í embætti veita ekki aðeins hvöt til að sitja áfram heldur skapa einnig aðferðir til þess að halda í völd og rýra hvers kyns samfélagssáttmála á milli stjórnvalda og borgaranna.[11]

Þjófræði hefur ekki einvörðungu lagalegar og efnahagslegar hliðar heldur og félagslegar. **Vald** er þess eðlis að því er oftast beit af hálfu þeirra valdameiri í samfélögum gegn hinum sem eru valdaminni. Í krafti valds telja menn sér trú um að þeim leyfist allt, enda séu engin lög sem beinlínis banni tiltekna háttsemi. Þjófræði er félagslegt fyrirbæri og tengist valdi og vald-beitingu mjög náið. Vald og yfirráð [**Macht und Herrschaft**] voru meðal þess sem þýski lögfræðingurinn og félagsfræðingurinn, Max Weber, rannsakaði. Hann greinir í sundur vald og yfirráð. Vald samkvæmt Weber merkir tækifæri í félagslegu sambandi til þess að framfylgja eigin vilja, jafnvel gegn andspyrnu, óháð því á hverju tækifærið byggist.[12] Hugtakið yfirráð merkir hins vegar, samkvæmt Weber, tækifæri til þess að fá tilgreint fólk til þess að hlýða tilgreindum fyrirmælum [skipunum]. [12] En hver er mismunur valds og yfirráða? Í stuttu máli má segja að yfirráð í þessu sambandi inniberi hvernig valdinu er beitt, séu vald í framkvæmd.

0.8 Vald og yfirráð

0.8.1 Vald

Með mikilli einföldun má segja að vald vísi til þess sem gerist í félagslegum tengslum. Það snertir beint samskipti fólks í millum. Vald getur einnig

vísað til samskipta ríkja. En hér verður staðnæmst við vald sem fyrirbæri í félagslegum tengslum. Bandaríski prófessorinn Robert A. Dahl var þekktur fyrir skrif sín á sviði félagsvísinda. Skoðum eftirfarandi texta eftir Dahl, í lauslegri þýðingu, en í honum ræðir hann um vald:

„Hver er leiðandi hugmyndin sem við reynum að fanga? Segjum sem svo að ég standi á götuhorni og segi við sjálfan mig: „Ég fyrirskipa öllum bílstjórum á þessari götu að aka hægra megin“; segjum enn fremur að allir öikumenn geri í raun eins og ég „skipa“ þeim að gera; en samt, flestir munu líta á mig sem geðsjúkan ef ég held því fram að ég hafi nægilegt vald yfir bílstjórum til að neyða þá til að nota hægri vegarhelming. Á hinn bóginn, segjum sem svo að lögreglumaður standi á miðjum gatnamótum þar sem mest umferð fer venjulega um; hann skipar allri umferð að beygja til hægri eða vinstri; umferðin hreyfist eins og hann skipar henni að gera. Þá er það í samræmi við það sem ég tel vera grunnhugmyndina um vald, að segja að lögreglumaðurinn sem gegnir þessu tiltekna hlutverki hafi augljóslega vald til að láta bifreiðastjóra beygja til hægri eða vinstri, frekar en aka beint áfram. Hugmynd mín um vald er því eitthvað á þessa leið: A hefur vald yfir B að því marki sem hann getur fengið B til gera eitthvað sem B myndi annars ekki gera.“[13]

0.8.2 Yfiráð

Meginmarkmið Max Weber var að greina mismunandi kerfi **yfiráða**, fremur en valdið sjálft. Nálgun hans beindist fyrst og fremst að uppbyggingu yfiráða (Herrschaft). Hann gekk út frá þeirri forsendu að mismunur á kerfum yfiráða lægi í því hvernig skipanir eru gefnar og í væntingum um hlýðni einstaklinga sem lúta skipunum. Þegar Weber skoðaði sögulegar tegundir yfiráða einbeitti hann sér að tveimur miðlægum þáttum sem eru lykilatriði í hvers konar yfiráðakerfi. Í fyrsta lagi er það hugtakið **lögmaeti**. Lögmaeti vísar til þess að það fólk sem skipanir beinast að hafi sannfæringu fyrir því að sá sem skipanirnar gefur hafi vald til þess. [sbr. og Dahl hér að framan]. Í öðru lagi er það **stjórnsýslan** og starfsmenn hennar. Stjórnsýslan er grundvallaratriði í kerfi yfiráða og það hvernig reglum er framfylgt. [14]

Weber greinir að þrenns konar mismunandi yfiráð [Herrschaft]. Í fyrsta lagi er um að ræða yfiráð byggð á **náð** (charismatic domination). Það er oft þýtt sem „náðarvald“ (áhrifavald) á íslensku. Það eru yfiráð sem sem t.a.m. einkenna marga trúarleiðtoga. Yfiráðin eru bundin við ákveðna persónu og byggjast á trúarlegum þáttum sem taldir eru æðri daglegu lífi. Í öðru

lagi er um að ræða yferráð sem byggjast á **hefð**. Lögmætið byggist þá á aldagömlum hefðum og venjum. Yferráð í lénsskipulagi eru dæmi um það sem og konungdæmi. Í þriðja lagi eru síðan yferráð í krafti **laga** og reglna [Legale Herrschaft]. Þessi tegund yferráða tengist beint réttarríkinu sem svo er nefnt. Skipanir og fyrirmæli eru þá gefin í krafti laga og lögmætið byggir á lagalegum grundvelli. Skrifræði (Bürokratie) einkennir þetta fyrirkomulag. Í réttarríkinu er það grundvallaratriði að þeir sem gefa skipanir, á grundvelli laga, eru sjálfir settir undir lög.[14]

0.9 Að lokum

Glæpavæðing ríkisvaldsins heldur áfram. Það hefur m.a. í för með sér þverrandi trú almennings á stofnunum ríkisvaldsins s.s. Alþingi. Margir upplifa (og það réttilega!) fullkomið stjórnsýsi í málefnum flóttamanna, í fjármálalífni og á sviði orkumála. Engu er líkara en að íslensk stjórnvöld séu í bandi erlendra stofnana sem gefa stjórnvöldum skipanir. Þar má nefna Evrópusambandið, stofnanir Sameinuðu þjóðanna, s.s. Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, auk dauðlega fólksins sem kemur saman í Davos. Vitleysan og stjórnsýsi Íslands verða ekki skýrð öðruvísi en þannig að fólk fylgi skipunum erlendis frá. Veruleikafirringin er slík að fólki getur ekki verið sjálfrátt.

Með breyttu þjóðskipulagi, frá lýðræði yfir í þjófræði, er ljóst að kosningar til Alþingis snúast að mestu leyti um það hvaða þjófar, eða fulltrúar þjófa, komast til valda. Vitanlega eru alltaf undantekningar, þvert á alla stjórnmálaflokka en meginlínurnar eru skýrar. Markaðsvæðing og rán á eigum almennings eru aldrei langt undan. Margir líta svo á að starf ráðherra sé að vera einskonar „áhrifavaldur“ - síbrosandi og með fíflalæti í fjölmiðlum. Þau sem mest brosa hafa oft orðið þjóðinni til ævarandi skammar með blaðri sínu. Að hafa stefnu og þekkingu á t.a.m. alþjóðamálum skiptir hins vegar engu máli. Að auglýsa eigin persónu er það sem allt snýst um. Útlitið skiptir öllu máli en innihaldið engu. Þannig fólk þjónar þjófræðinu vel: það hefur engar skoðanir, þokukennda framtíðarsýn, mjög skerta dómgreind og takmarkað vit.

Þessi blanda hefur orðið ofan á í íslenskum stjórnmálum og er boðin aftur og aftur, oft á nýjum belgjum. Því verður að teljast ólíklegt að Samfylking „á nýjum belgjum“ valdi straumhvörfum eftir næstu kosningar. „Eitruð peð“ og „lík í lestinni“ ræða sér oft á lista stjórnmálaflokka. „Pólitísk nálykt“ fælir marga frá því að kjósa suma stjórnmálaflokka.

Á meðan sama fólk er upptekið af eigin útliti og brosir í myndavélar, vinnur það skipulega að framsali íslensks fullveldis til erlendra stofnana, hvort heldur er til Evrópusambandsins eða Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar [WHO]. Einhverjr láta blekkjast en aðrir fá fullkomna skömm á þessum vesaldómi íslenskra ráðamanna.

Alþingi Íslendinga er í raun og veru mesta uppspretta ofbeldis og ofríkis á Íslandi - gegn almenningi - en að sama skapi er sýnd ómæld undirlægja gagnvart erlendu valdi. Á þingi er þjóðin, og þegnar hennar, beitt skefjalausu ofbeldi í stóru og smáu. Fámennisklíkan, með sína dyggu fulltrúa á þingi, valtar yfir þjóðarviljann oft og ítrekað sem er vitanlega ein mynd ofbeldis. Hefur þjóðin t.a.m. verið spurð hvaða stefnu hún vilji reka í málefnum flóttamanna, orkumálum (auðlindamálum), heilbrigðismálum og alþjóðamálum? Í hvers umboði starfar Alþingi og þeir sem þar sitja? Hvað ræður því hvaða hagsmunir verða ofan á við atkvæðagreiðslur eða hvort málin koma yfirleitt til kasta Alþingis?

Ef einhver heldur að til forystu í stjórnámálum veljist fólk yfirleitt vegna hæfni og jafnvel greindar, þá er það mikill misskilningur. Fólk velst fyrst og fremst í stjórnámál sökum þess að það er ófyrirleitnara en almennt gerist, frekara og yfirgangssamara. Valdaklíkur þjóðfélaga samanstanda af slíku fólki. Þar nægir að nefna Evrópusambandið. Margt þetta fólk virkar þó kurteist á yfirbörðinu, en frekja og yfirgangur eru aldrei langt undan.

Innganga Íslands í Evrópusambandið mun af augljósum ástæðum ekki leysa vandann sem þarna er lýst. Það sem gerist er einfaldlega það að valdaklíkan² á Íslandi binst valdaklíku Evrópu sterkari böndum, með neikvæðum afleiðingum fyrir almenning á Íslandi. Það er af og frá að almenningur muni hagnast á því. Þegar allt kemur til alls snýst þetta samstarf um það hvernig valdaklíkur stjórn mála og efnahagsmála ráða ráðum sínum. Þegar íslenskur ráðherra brosir í erlendar myndavélar er það til þess að styrkja samstöðuna inn á við - samstöðu innan valdaklíkunnar í stærra samhengi. Það er síðan annað mál að alltaf er til fólk sem (brosir) og hlær á „röngum stað“ í leikritinu, eins og Halldór Laxness benti á í viðtali fyrir margt löngu. Góðar stundir!

²Hugtakið valdaklíka er hér notað í eintölu þótt íslenska valdaklíkan skiptist í nokkrar undirklíkur.

Heimildir

- [1] Lyssa White. Corruption: Violent Extremism, Kleptocracy, and the Dangers of Failing Governance - NATIONAL ENDOWMENT FOR DEMOCRACY. Sækja grein, May 2017. [Online; accessed 11. Jul. 2023].
- [2] Moisés Naím. Mafia States. Carnegie Endowment for International Peace, April 2012. [Online; accessed 19. Jul. 2023].
- [3] Strategy to Combat Transnational Organized Crime: Definition. The White House - National Security Council, July 2011. [Online; accessed 19. Jul. 2023].
- [4] Opinn fundur í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd um skýrslu Ríkisendurskoðunar um sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka. Slóð á síðu, December 2022. [Online; accessed 11. Jul. 2023].
- [5] Haley Cohen Gilliland. Where Did Marcos Hide His \$10 Billion Fortune? Sækja grein,, June 2021. [Bloomberg. Online; accessed: 2023-07-10].
- [6] Lindarhvoll og hvítþvottur Ríkisendurskoðunar - Sigurður Már Jónsson. Sækja grein, July 2023. [Morgunblaðið. Online; accessed 11. Jul. 2023].
- [7] International Republican Institute. THE KLEPTOCRAT'S PLAYBOOK - A Taxonomy of Localized and Transnational Tactics. Sækja grein, May 2021. [Online; accessed 11. Jul. 2023].
- [8] Anders Åslund. The Biggest Problem in Post-Communist Transition: The Privatization of Large Enterprises. Sækja grein, May 2021. [Online; accessed 11. Jul. 2023].
- [9] White Collar Crime And Intent. Sækja grein, July 2023. [Online; accessed 13. Jul. 2023].

- [10] Kumar Saurav and Krupa Savajiyani. Corporate Criminal Liability - White Collar Crime. Sækja grein, July 2023. [Online; accessed 13. Jul. 2023].
- [11] J.R. Mailey and Jacinth Planer. Bankrupting Kleptocracy - Financial tools to counter kleptocracy in Africa's deadliest war zones. global-initiative.net, April 2016. [Online; accessed 19. Jul. 2023].
- [12] Max Weber. *GRUNDRISS der SOZIALÖKONOMIK*, page 28. VERLAG VON J. C. B. MOHR (PAUL SIEBECK), Tübingen, 1922. [Online; accessed 14. Jul. 2023].
- [13] Robert A. Dahl. The concept of power. *Behavioral Science*, 2(3):201–215, 1957.
- [14] Ken Morrison. *Marx, Durkheim, Weber*, pages 282–287. SAGE Publication, London, 1995.